

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. júní 2021
UST202106-151/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Grímslækjarheiði, Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 10. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Grímslækjarheiði í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað deiliskipulag nær til 4,5 ha svæðis þar sem áformað er að byggja upp íbúðarsvæði með allt að 6 rúmgóðum lóðum. Á svæðinu, sem liggur norðan Þorlákshafnarvegur nr. 38 um 10 km sunnan við Hveragerði og 8 km norðan við Þorlákshöfn, stendur nú þegar eitt íbúðarhús og eitt frístundahús.


Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggja á forsögulegu hrauni, Helligheiðarhrauni/Orustuhólshrauni/Eldborgarhrauni sem er 1900-2400 ára gamalt. Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni um sérstaka vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi. Í deiliskipulagstillögu kemur einnig fram að svæðið sé mikilvægt fuglasvæði og á svæðinu eru vistgerðir með miðlungs verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðmyndanir á svæðinu séu kannaðar, metið sé hvort eiginleikar þeirra hafi sérstakt verndargildi og tekið tillit til þess eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,


Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur


Björn Stefánsson
sérfræðingur